



Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2007



Sigurður Skúlason

1. VEÐURFAR ÁRSINS

1.1. Tíðarfarsyfirlit

Í janúar var hægviðri, sunnan- og austlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 9.1 stig, 29. janúar. Lágmarkshiti mældist -18.2 stig, 16. janúar, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalhiti í janúar var -3.1 stig. Mesta snjódýpt var 28 cm, 19. og 22. janúar. Úrkoma var 40.4 mm, mest 10.0 mm, 15. janúar. Meðalvindhraði í janúar var 2.4 m/sek.

Í febrúar bar mest á sunnan og suðaustanátt. Hámarkshiti mældist 7.5 stig, 2. febrúar. Lágmarkshiti mældist -15.3 stig, 6 febrúar. Meðalhiti í febrúar var -3.7 stig. Mesta snjódýpt var 19 cm, 28. febrúar. Úrkoma var 44.4 mm, mest 10.3 mm, 16. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar var 2.6 m/sek.

Í mars var suðaustanátt tíðust. Hámarkshiti mældist 13.1 stig, 31. mars. Lágmarkshiti mældist -12.1 stig, 20 mars. Meðalhiti í mars var 0.6 stig. Mesta snjódýpt var 36 cm, 19. mars. Úrkoma var 92.0 mm, mest 30.8 mm, 9. mars. Meðalvindhraði í mars var 4.2 m/sek. Svanir sáu 17. mars.

Í apríl voru suðaustlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 21.5 stig, 29. og 30. apríl, sem var mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist -11.3 stig, 19. apríl. Meðalhiti í apríl var 3.5 stig. Mesta snjódýpt var 16 cm, 21. apríl. Úrkoma var 49.6 mm, mest 17.3 mm, 21. apríl. Meðalvindhraði í apríl var 3.6 m/sek. Skógarpröstur kom 1. apríl. Lóan kom 16. apríl. Hrossagaukur kom 21. apríl. Maríuerlan kom 30. apríl.

Í maí bar mest á sunnanátt og norðvestanátt. Hámarkshiti mældist 19.5 stig, 1. maí. Lágmarkshiti mældist -6.9 stig, 11. maí. Meðalhiti í maí var 3.3 stig. Mesta snjódýpt var 2.0 cm, 13. og 26. maí. Úrkoma var 44.5 mm, mest 13.5 mm, 25. maí. Meðalvindhraði í maí var 2.7 m/sek.

Í júní bar mest á suðaustan-, norðaustan- og norðvestan áttum. Hámarkshiti mældist 20.5 stig, 29 júní. Lágmarkshiti mældist -0.3 stig, 24. júní. Meðalhiti í júní var 10.7 stig. Úrkoma var 3.2 mm, mest 1.2 mm, 27. júní. Meðalvindhraði í júní var 2.4 m/sek. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 23. júní.

Í júlí voru breytilegar áttir, þó mest bæri á austan- og vestlægum áttum. Hámarkshiti mældist 20.8 stig, 20 júlí. Lágmarkshiti mældist 1.2 stig, 29. júlí. Meðalhiti í júlí var 9.8 stig. Úrkoma var 29 mm, mest 9.8 mm, 6. júlí. Meðalvindhraði í júlí var 2.6 m/sek.

Í ágúst var logn og norðaustanátt algengust. Hámarkshiti mældist 20.2 stig, 8. ágúst. Lágmarkshiti mældist -0.4 stig, 28. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 8.7 stig. Úrkoma var 71.6 mm, mest 15 mm, 1. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst var 1.1 m/sek.

Í september var logn, suðaustan- og norðaustanátt tíðust. Hámarkshiti mældist 15.6 stig, 4. september. Lágmarkshiti mældist -4.5 stig, 15. september. Meðalhiti í september var 5.8 stig. Mesta snjódýpt var 1 cm, 16. og 17. september. Úrkoma var 105.1 mm, mest 46.0 mm, 13. september. Meðalvindhraði í september var 1.6 m/sek. Úthagi farinn að sölna 8. september. Gránaði í fjöll 13. september.

Í október var suðaustan átt og hægviðri tíðust. Hámarkshiti mældist 16.2 stig, 19. október. Lágmarkshiti mældist -9.6 stig, 17. október. Meðalhiti í október var 3.0 stig. Mesta snjódýpt var 1 cm, 10 október. Úrkoma var 123.6 mm, mest 25.2 mm, 31. október. Meðalvindhraði í október var 1.3 m/sek.



Í nóvember voru suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 10.3 stig, 15. nóvember. Lágmarkshiti mældist -14.8 stig, 25. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -0.3 stig. Mesta snjódýpt var 20 cm, 1. og 2. nóvember. Úrkoma var 55.1 mm, mest 21.0 mm, 18. nóvember. Meðalvindhraði í nóvember var 1.4 m/sek.

Í desember voru logn, hægviðri og sunnanáttir algengastar. Hámarkshiti mældist 11.1 stig, 20 desember. Lágmarkshiti var -14.6 stig, 10. desember. Meðalhiti í desember var -0.9 stig. Mesta snjódýpt var 45 cm, 3 desember. Úrkoma var 79.0 mm, mest 23 mm, 3. desember. Meðalvindhraði í desember var 1.6 m/sek.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2007

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-3,1	(1,12)	40,4	(37,8)
Febrúar	-3,7	(0,37)	44,4	(42,4)
Mars	0,6	(-2,12)	92,0	(75,9)
Apríl	3,5	(0,63)	49,6	(55,0)
Maí	3,3	(3,56)	44,5	(108,8)
Júní	10,7	(9,93)	3,2	(21,9)
Júlí	9,8	(10,17)	29,0	(26,0)
Ágúst	8,7	(10,36)	71,6	(74,8)
Sept.	5,8	(7,01)	105,1	(85,9)
Okt.	3,0	(1,77)	123,6	(102,7)
Nóv.	-0,3	(-2,83)	55,1	(129,5)
Des.	0,9	(-0,51)	79,0	(94,7)
	3,12	(3,29)	737,5	(855,4)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2006



1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní til september var 8.75 stig, en var 9.37 stig sömu mánuði 2006.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

10/5	-1,8	24/5	-0,7	26/8	-0,1
11/5	-8,2	25/5	-1,7	27/8	-1,0
12/5	-0,2	26/5	-0,5	28/8	-1,3
13/5	-2,0	27/5	-0,4	3/9	-1,3
14/5	-2,3	28/5	-4,2	14/9	-1,7
15/5	-0,5	31/5	-1,3	15/9	-5,1
16/5	-3,6	24/6	-1,7	16/9	-1,9
21/5	-2,9	28/7	-0,2	17/9	-4,3
22/5	-4,7	29/7	-0,1	19/9	-2,7
23/5	-2,6	3/8	-0,8	20/9	-2,2

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

29/4	21,5	20/7	20,8
30/5	21,5	8/8	20,2
29/6	20,5		

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2.1. Laufgun og lauffall

Brum á lerki farið að þrútna 24. apríl, mikil blómgun 28. apríl og farið að grænka 1. maí.

Brum á birki farið að þrútna 29. apríl, komið með græna slikju 1. maí og orðið allaufgað 4. júní.

Sölnun á birki sjáanleg 12. ágúst, gulnun áberandi 27. ágúst og lauffall byrjað 31. ágúst. Birki lauflaust 30. september.

Lerki farið að gulna 13. september og farið að fella nálar 28. september.

2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var mjög góður þetta ár, langir ársprotar á barrgróðri og góður vöxtur á birki.

2.3. Fræfall

Fræfall á birki var nokkuð, en misjafnt eftir svæðum. Safnað var birkifræi í Vaglaskógi, Hálsmelum og Þórðarstaðaskógi. Ekki var mikið af könglum á stafafuru og engu safnað. Á greni voru könglar á stöku tré en engu safnað.

Frærækt í fræhúsi á Vöglum gaf ekkert lerkifræ þetta ár. Verið er að skipta út trjám, græða á og potta nýjar fræplöntur

Úr skógi:

Ilmbjörk Vaglaskógur	2.110 gr
Ilmbjörk Þórðarstaðaskógur	1.300 gr
Ilmbjörk Hálsmelar/Bæjarstaðask	1.000 gr

Úr fræhúsi:

Aðeins lítilsháttar birkifræ vegna lélegrar spírunar.



Úr birkifræhúsi

2.4. Skaðar

Skaðar á trjágróðri voru ekki miklir þetta ár. Aðeins bar á snjóbroti á birki eftir bleytusnjó í október. Maðkur í birkiskógum var ekki teljandi.

3. STARFSFÓLK

Starfsfólki fer fækkandi og veikindi voru með mesta móti. Tveir starfsmenn létu af störfum vegna aldurs, þeir Kristján Jónsson, sem hætti störfum 1. febrúar og Ingimundur Gunnarsson sem hætti í árslok. Ég vil þakka þessum mönnum gott starf hjá stofnuninni. Guðni Þ. Arnþórsson var verkstjóri og aðstoðarskógarvörður. Sigurpáll Jónsson var verkstjóri í skógi, en var mikið frá vegna veikinda. Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofustörf, áætlunargerð, vann við erfðaeftni og tók við starfi gjaldkera stofnunarinnar á árinu. Guðrún Jónsdóttir vann við frærækt, erfðaeftni, veðurtöku, viðarvinnslu og afgreiðslu á plöntum úr dreifingarstöð fyrir Norðurlandsskóga. Teitur Davíðsson vann við skógarhögg, grisjun, viðarvinnslu ofl. Verktakar voru fengnir í skógarhögg í Þórðarstaðaskógi og Vaglaskógi og til að grisja í Skuggabjargarskógi. Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 22,982,966, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 7,810,270, ASÍ laun kr. 14,374,741, dagpeningar kr. 577,800, akstur kr. 220,155.

4. GIRÐINGAR

4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var lítið þetta ár.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 417,381, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 266,620, alls 211 vinnustundir. Verktakar kr. 132,852 . Annar kostnaður kr. 17,909.

Kostnaður við smölun var kr. 138,821, allt verktakar.

4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á þessu ári.

5. SKÓGARHÖGG

5.1. Viður

Unnið var við skógarhögg og grisjun í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og Skuggabjargarskógi.

Í Vaglaskógi var grisjaður birkiskermur og birki grisjað í reitum 42, 89, 109, 110, 111, 282, 318, 319, 320, og 321. Í reit 285 var grisjað birki og greni. Tilraunareitur með rauðgreni og hvítgreni nr 392 og 333 var mældur og grisjaður í samstarfi við Þórarinn Benedikz.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjað í reitum 6, 10, 11, 19, 20, 21, 75, 78, 79 og 83 birki, fura og greni.

Í Skuggabjargarskógi grisjaði verktaki lerki í reit 100, 1,4 ha

Felldur viður:

Birki	ca.	100 tonn
Greni	ca.	5 tonn
Fura	ca.	6 tonn
Lerki	ca.	1 tonn



Skógarhögg í Þórðarstaðaskógi

5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir ca 20 kg	3,898	pk
Eldiviður	12	m ³
Arinviður/eldiviður alls í t	80,36	tonn
Bolviður birki	0,79	m ³
Borð og plankar birki	0,03	m ³
Reykingaviður	1,520	kg
Birkikurl/flís	2,775	kg
Plattar	891	stk
Beðkurl .	40,5	m ³

5.1.3. Birgðir í árslok

Fura óunnið ca	4 tonn	Plattar óheflað	840	stk
Greni óunnið ca	3 tonn	Plattar heflað	4,425	stk
Birki óunnið ca	4 tonn	Viðarkol	108	kg
Smíðaviður birki	280 m	Birkikurl/flís	1,375	kg
Smíðaviður lerki	90 m	Beðkurl	5	m ³
Smíðaviður fura	85 m	Fura arinkubbar	2	tonn
Staurar 6 fet	590 stk			
Staurar 5 fet	90 stk			
Arinviður stórir	150 pk			
Arinviður litlir	203 pk			

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 6956 og laun og launatengd gjöld kr. 8,815,876, þar af kjarasamningagjöld s.s. orlof, veikindi og aðrar samn.bundnar launabætur kr. 3,346,986 alls 2740 vinnustundir. Unnið var við grisjun af verktaka fyrir kr. 816,068.

5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 6. nóvember og síðan fram að jólum eftir þörfum. Farið var með fólk frá tveimum fyrirtækjum á Akureyri á Vagli á Þelamörk . Farið var með furu austur á Hallormsstað og tekið rauðgreni til baka til Akureyrar.

Felld voru 145 tré. Seld voru 115 tré, önnur fóru til starfsmanna og í úrkast.

	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Sigríðarstaðask	6	2			8
Skuggabjörg		46			46
Vaglin Þelam.	39	25			64
Vaglaskógur	11	6	10		27
Alls	56	79	10	0	145

Seld tré

Stærð	Rauðgr	Stafafura	Blágreni	Fjallap.	Samtals
Óflokkað	14	10			24
070-100					0
101-125					0
126-150	5	18	7		30
151-175	14	16	4		34
176-200	3	13			16
201-250	1	1			2
251-300	1	1			2
301-400	1				1
401-500	4				4
501-600	2				2
Alls	45	59	11	0	115

Laun og launatengd gjöld v/töku og afh. jólatrjáa og greina var kr. 387,625, alls 253 vinnustundir, þar af kr. 52,085, alls 36 vinnustundir í kjarasamningagjöld.

Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	451.134		451.134
Greinar			
Samtals	451.134		451.134

6. GRÓÐRARSTÖÐ

6.1. Fræplöntur

Sáð var í 15 FP40 bakka rauðu birki (*Betula verrucosa* cv. *purpurea*). Einnig var sáð selju í 1 grænan sáðbakka, sem ekki spíraði og Sifjalerki “Hrym” í 14 græna sáðbakka sem var síðan prikklað yfir í FP40.

6.2. Dreifsetning

Engum græðlingum var stungið 2007.

6.3. Garðplöntur

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 7,110. 113 sumargræðlingum var stungið til eigin nota. Pottaðar voru 445 plöntur, þar af 93 v/fræræktar, aðrar til eigin nota. Seldar og afh. voru 69 pottaplöntur.



Runnasafn á Vöglum

6.4. Afhending skógplantna

Afhentar voru 13,925 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðinni, þar af 2000 lerkiplöntur sem fóru í leigu Hálsmela og 7520 plöntur sem fóru í gróðursetningu á Hólasandi

Seldar fjölpottaplöntur	kr. 122,151
Mf. í eigin skóglendi	kr. 305,925
Samtals	kr. 428,076

6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð í gróðrarstöð og umhverfi hennar og verið hefur síðustu ár. Unnið var við að halda skógarkerfli niðri í trjásafni og við beitarhúsatóftir í Vaglaskógi.

6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru í gróðrarstöðinni þetta ár

6.8. Kostnaður

Afhending	2.118	2
Plöntuuppeldi almennt	157.359	96
Sáning	15.244	11
Moldarfylling	4.036	4
Pottun	25.792	20
Umhirða	154.857	99
Vetrarumbúnaður	10.351	7
Prikklun	22.553	20
Kjarasamningagjöld	23.740	17
Alls	416.050	276

7. GRÓÐURSETNING

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar	Blæösp		pt		2	609
	Rautt birki	1/0	B.verrucosa cv.			
			purpurea		70	492
	Rússalerki	2/0	Vaglir		495	655
	Rússalerki	2/0	Vaglir		120	634
	Rússalerki	2/0	Vaglir		80	591
	Selja		pt		14	585,589
					781	
Vaglaskógur	Kastaníur		Tornado NY		4	30
	Kastaníur		Krumhorn NY		14	30
	Selja		pt		18	16
	Lerki	Frærækt			90	262
	Fjallalerki	Frærækt			15	262
					141	
Þórðarstaðaskógur	Birki	Frærækt	Fnjóskadalur		42	202
	Háfjallabirki	Frærækt			29	202
	Birki	Frærækt	Bæjarstaða		77	208
	Lerki	2/0	Vaglir		1000	212
					1148	
Hálsmelar	Rússalerki	1/0			4020	567,655
Landgr.skógar						

Einnig voru gróðursettar fræplöntur úr fræhúsi í Vaglatún (reit 262) 16 plöntur árið 2005 og 50 plöntur árið 2006

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu kr.366,214 , alls 281 vinnustundir.

8. HIRÐING Í SKÓGLENDUM

Í Vaglaskógi var kjarrsagað úr reitum 301 og 302 og gönguleiðir og vegir sagaðir.

Umhirða gönguleiða	Grundarreitur	30,348	20 tímar
	Reykjarhóll	14,349	8 tímar
	Vaglaskógur	60,657	47 tímar

9. BYGGINGAR

Hitaveita var lögð að húsum á Vöglum í nóvember. Búið er að tengja og leggja í skemmu og Vagli II (skógarvarðarbústað). Eftir er að leggja í Furuvelli (starfsmannahús), fræhús og gróðurhús I. Það verður gert 2008. Til þessara framkvæmda fékkst fé af fjárukalögum 2008. Ekki voru aðrar framkvæmdir á húseignum, aðeins eðlilegt viðhald.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Engin ný tæki voru keypt þetta ár. Aðeins var eðlilegt viðhald á vélum og tækjum.

12. ÝMISLEGT

12.1. Fundir og ferðalög

8/1	Fundur á Egilsstöðum með yfirstjórn og deildarstjórum
9/1 – 10/1	Fundur Þróunarsviðs á Hótel Héraði, Egilsstöðum
17/1	Fundur með NLS og Skf. Eyfirðinga um grisjunarmál
6/2	Fundur á Akureyri um umhirðu- og nýtingaráætl. á Vögllum Þelamörk og Þórðarstaðaskóg, Belgsá og Bakkasel
9/2	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
19/2 – 20/2	Fundur á Egilsstöðum um fjárhagsáætlun
23/2	Fundur Erfðalindarhóps á Mógilsá
22/3	Ráðstefna á Eiðum
19/4	Var við opnun Gljúfrastofu í Ásbyrgi
27/4	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
8/5	Fundur á Egilsstöðum v/stofnanasamnings SFR
15/5	Fundur á Akureyri um driftsplan Vaglir Þelamörk og Þórðarst.sk
18/5	Fundur Erfðalindahóps á Mógilsá
12/6	Gróðursetning á Hólasandi
19/7 – 25/7	Fór til Hjaltlandseyja og <i>Shetlands</i> á fund NAV (Norræna trjásafnanefndin)
17/8 – 19/8	Aðalfundur Skf. Íslands á Egilsstöðum
25/8	Aðalfundur skógarbænda á Reykhólum
31/8	40 ára afmæli Mógilsár
10/9	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
11/9	Fór í Landbúnaðarráðuneyti v/aukafjárveitinga
29/9	Aðalfundur Skf. S-Þingeyinga í Ljósveitingabúð
4/10	Fundur með fjármálastjóra um fjárhagsáætlun
12/10	Umhverfisþing í Reykjavík
19/10	Fundur á Egilsstöðum með yfirstjórn
23/10	Stjórnarfundur NLS á Akureyri
23/11	Afmælishátíð í Kópavogi
7/12	Fundur Erfðalindahóps á Keldnaholti
10/12	Fundur v/umhirðu- og nýtingaráætl. fyrir Vagli Þelamörk og Þórðarstaðaskóg
14/12	Stjórnarfundur NLS á Akureyri

12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í meðallagi þetta ár. Komið var fyrir nýjum leiktækjum á fjölskyldusvæði á Flatagerðistúni í Vaglaskógi. Umferð fólks um skóga SR hefur aukist með ári hverju.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 11,808, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 3,790. Í júlí 4,750 og í ágúst 3,268.

Tekjur af útivistarsvæðinu voru kr. 1,004,373

Laun og launat. gjöld voru kr. 317,246 alls 234 vinnustundir og þar af kjarasamningagjöld kr. 65,165, alls 53 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 1,855,900, sem eru aðallega afborganir af snyrtihúsum og leiktæki

12.4. Annað

Rúnar Ísleifsson vann að gerð umhirðu- og nýtingaráætlunar fyrir Þórðarstaða-Belgsár- og Bakkaselsskóg og Vagli á Þelamörk.

Komið er upp runnasafn í gróðrarstöðinni á Vöglum sem á að verða aðgengilegt fyrir almenning.

Fjölskyldudagur fyrir starfsfólk Skógræktar ríkisins var haldinn í Vaglaskógi 8. September. Farið var í gönguferðir og leiki og haldin grillveisla í lok dags. Alls mættu 32.



Fjölskyldudagur í Vaglaskógi

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu gott samstarf á árinu.

Vöglum 14/7 2008

Sigurður Skúlason, skógarvörður